



Litlu jól í Stóru-Vogaskóla

Föstudaginn 18. desember verða Litlu jólin haldin hátíðleg í skólanum. Á Litlu jólunum reynum við að hafa notalega jólastemningu og það er skemmtilegt ef börnin geta komið í betri fötunum sínum. Skemmtunin hefst með stofujólum klukkan 10:00 þar sem hver nemandi mætir til umsjónakennara í sína heimastofu. Börnin eiga að koma með kerti að heiman og stöðugan kertastjaka. Stofujólin hefjast með stuttum umræðum þar sem kveikt er á kertunum, síðan les kennari jólasögu á meðan börnin borða saman. Nemendur 1.-4. bekkjar fá smákökur og safa í boði skólans en nemendur 5.-10. bekkjar mega koma með gos og kökur eða sælgæti. Eftir lestur jólasögunnar er jólakortum dreift ef þau eru til staðar, þau lesin og skoðuð. Að síðustu er dreift lukkupökkum.

Þennan dag koma börnin með lítinn jólapakka (innihaldið má ekki kosta meira en 500 kr). Pökkunum er síðan safnað saman og sett á þá númer. Hvert barn dregur númer og hlýtur þann pakka til eignar.

Eftir þetta (um kl. 11:00) er farið inn á sal þar sem gengið er í kringum jólatréð og sungin jólalög, hugsanlegt er að við fáum að sjá jólasveina með eitthvað góðgæti. Litlu jólunum lýkur klukkan 12:00 og þá tekur við gæsla fyrir þau börn sem skráð eru í gæslu, hin fara heim að loknu jólaballi.

Athugið að enginn hádegismatur verður þennan dag, börn sem ekki fara heim að borða þurfa því að koma vel nestuð. Foreldrar og systkini eru velkomin á jólaballið ef þau hafa tök á.

Kennsla hefst á nýju ári samkvæmt stundaskrá þann 5. janúar.

Okkar bestu óskir um gleðileg jól og þakkir fyrir samstarfið á árinu.



Starfsfólk Stóru-Vogaskóla